

**Ed.**

**4. Frumvarp til laga**

**[4. mál]**

um breyting á lögum nr. 17/1948, um skráningu skipa, og lögum nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

**1. gr.**

21. gr. laga nr. 17/1948 orðist svo:

Fyrir afrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteini, afrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni, sbr. 2. mgr. 7. gr., nafnbreytingu á skipi, útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteina, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini, áritun á mælibréf, eftirlitsbækur og fyrir mælingu skips skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

**2. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin ákvæði í lögum nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs:

1. 16. töluliður 29. gr.
2. 12., 13., 14. og 15. töluliðir 32. gr.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Gjöld fyrir þjónustu þá, er um ræðir í 1. gr. frv., eru nú fastákveðin í aukatekjulögum, nema gjöld fyrir mælingu skipa, sem ákveðin eru með reglugerð. Frv. þetta felur í sér þá breytingu, að framvegis skuli ákveða öll þessi gjöld með reglugerð svo sem nú er gert um gjöld þau, sem greiða ber fyrir skoðun skipa.